

IV/22.1

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN Efnahagsbrotadeild	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	R L S
Skýrslu gerir Arnar Jansson, aðstoðaryfirlöggregluþjónn	Mál nr. 006-2002-0086	
Staður og stund: Reykjavík – miðvikudaginn 5. mars 2003, kl. 13.45.		
Sakarefní: Auðgunarbrot, brot á lögum um bókhald, brot á lögum um hlutafélög		
Vitni: Guðfinna Bjarnadóttir	Kennitala: 271057-4669	
Starf/staða: Rektor Háskólans í Reykjavík	Vinnusími: 510 6200	
Löghemili: Sjávargata 33, 225 Bessastaðahreppur	Sími: 565 9907 / 820 6230	
Dvalarstaður:	Sími:	

Guðfinna er mætt til skýrslutöku samkvæmt boðun. Guðfinnu er kunnugt um opinbera rannsókn á ætluðum brotum stjórnenda Baugs Group hf. (hér eftir ritað BG hf.) í framhaldi af kær Jóns Gerald Sullenberger en í þágu þeirrar rannsóknar hafa ýmis erindi verið send frá efnahagsbrotadeild RLS til stjórnar og lögmanns BG hf. Guðfinnu er kynnt að fyrir liggi rökstuddur grunur um að stjórnendur BG hf. a.m.k. þeir Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi gerst brotlegir við XXVI. kafla almennra hegningarlaga, bókhaldslög og laga um hlutafélög í tengslum við viðskipti við félögin Nordica Inc og New Viking í Florida., sem og eiganda þeirra, Jón Gerald Sullenberger.

Guðfinna er spurð hvort hún sé tilbúinn að gefa vitnaskýrslu hér hjá lögreglu varðandi ofanskráð.

Hún segist vera tilbúin til þess að gefa vitnaskýrslu hér hjá lögreglu um það sem hún hefur vitneskju um.

Guðfinnu er kynnt vitnaskyldan og vitnaábyrgð, auk þess sem hún er áminnt um sannsögli.

Tekið er fram að í gær kl. 9.30 kom Guðfinna hingað til skýrslutöku og var þá spurð nokkurra spurninga og kynnt gögn sem varða viðskipti með bát í Flóríða en þar sem tölvukerfi bilaði varð að fresta því að ljúka skýrslutökunni þar til í dag.

Stjórn Baugs Group hf.

Fyrir Guðfinnu er lagt skjal II/16.1 og 16.1.1 sem er samantekt RLS varðandi stjórnarmenn Baugs Group hf. ásamt tilvísuðum gögnum frá Hlutafélagaskrá. Guðfinna er spurð hvort upplýsingar um stjórnarsetu hennar séu réttar á samantektinni.

Hún segir þær vera réttar.

Tekjufærslur í bókhaldi Baugs Group hf á kreditrekningum frá Nordica Inc og SMS í Færejum:

Guðfinna er spurð hvort hún þekki til vörnuviðskipta Nordica Inc við BG hf. eða undirfyrirtæki félagsins og ef svo er beðin að gera grein fyrir því hvaða upplýsingar hún hafði um þau viðskipi.

05976

Hún segir að áður en opinber rannsókn hófst hafi hún ekki þekkt viðskipti við það fyrirtæki. Hún tekur reyndar fram að á fyrrihluta ársins 2002 hafi stjórnarformaður látið taka út viðskipti Nordica og Baugs og í framhaldi af því hafi endurskoðandi Baugs gert skýrslu um þá skoðun sem leiddi ekkert óeðlilegt í ljós. Þessi úttekt hafi verið gerð varðandi ýmislegt fleira í þeim tilgangi að ganga úr skugga um að allt væri gert samkvæmt reglum. Vegna þessa segir Guðfinna að hún hafi heyrt um félagið Nordica og vitað að Baugur var í viðskiptum við það félag en ekki veitt því neina sérstaka athygli þar sem endurskoðandi Baugs komst að þeirri niðurstöðu í sinni athugun að ekki væru nein óeðlileg viðskipti félaganna.

Guðfinna er spurð hvort stjórn BG hf. hafi haft vitneskju um önnur viðskipti en vörnuviðskipti Nordica Inc við BG hf. eða undirfyrirtæki þess og þá beðinn að gera grein fyrir hvaða upplýsingar stjórnin hafði um þau viðskipti.

Hún segir að henni hafi alls ekki verið kunnugt um það.

Guðfinna er spurð hvort stjórn Baug Group hf. hafi á einhvern hátt fjallað um ofangreind viðskipti Nordica Inc við BG hf. og þá hvernig.

Hún segir að á fyrrihluta ársins 2002 hafi stjórnin tekið ákvörðun, skv. tillögu stjórnarformannsins, Hreins Loftssonar, að láta endurskoðanda félagsins fara yfir ýmis mál sem stjórnin vildi að væru örugglega í lagi. Hún segist minnast viðskipta við Nordica en að auki hafi formaðurinn nefnt einhver tvö önnur atriði. Hún segist hafa tengt tilefnið við umræður sem áttu sér stað á Alþingi skömmu áður þar sem formaður Samfylkingarinnar og forsætisráðherra gagnrýndu fyrirtækið. Hún segist hafa stutt tillögu stjórnarformannsins heilshugar að kannað yrði hvort ekki væru öll mál eins og þau ættu að vera. Hún segist aldrei hafa sett þessar úttektir í samhengi við eitthvað saknæmt heldur vildi, sem stjórnarmaður, að gengið yrði úr skugga um að rétt væri staðið að málum á allan hátt, enda fyrirtækið ungt og í miklum vexti.

Guðfinnu er sýnt ljósrit af kreditreikningi að fjárhæð 589.890 USD sem skv. fskj I00743 var færður til gjalda í einni færslu að fjárhæð kr. 108.594.000 ásamt kredityfirlýsingum frá SMS í Færeyjum að fjárhæð DKK 3.900.000 – sbr. málsskjöl II/8.1.1 og 8.2. Þann 30.10. 2001 var gjaldfærslan leiðrétt og fjárhæðin færð til tekna á “Tekjur utan samstæðu” og “Biðreikning”, skv. fskj nr. I00751. Þann 31.12. 2001 voru kr. 60.000.000 bakfærðar með skýringu á færsluskjali að kreditreikningurinn frá SMS sé bakfærður.

Guðfinna er spurð hvort um þessa kreditreikninga eða þau viðskipti sem að baki þeim eru, hafi einhvern tímann verið fjallað af stjórn BG hf. áður en rannsókn þessi hófst.

Hún segist ekkert um þessa reikninga eða viðskiptin á bak við þá hafa vitað fyrir þessa rannsókn.

Guðfinna er spurð hvort stjórn BG hf hafi fjallað um áætlun eða markmið um afkomu fyrstu 6 mánaða ársins 2001, svo og niðurstöður hálfsársuppgjörs ársins 2001.

Hún segir það líklegt en segist ekki vera viss um það.

Guðfinna er spurð hvort í stjórn BG hf hafi átt sér stað umræða eða umfjöllun á einhvern hátt, í kring um árshlutareikning 2001, í þá veru að niðurstaða árshlutareikings væri betri eða verri en áætlanir samstæðunnar gerðu ráð fyrir.

Hún segist ekki munu eftir því.

Guðfinnu er tjáð að starfsmenn efnahagsbrotadeildar hafi rannsakað bókhald Nordica Inc og SMS í Færeyjum, svo og verið í sambandi við endurskoðendur beggja þessara erlendu félaga. Hvorugur þessara kreditreikninga séu færðir í bókhaldi félaganna. Teknar hafi verið skýrslur af forráðamönnum

þeirra og í báðum tilfellum hafi þeir játað að hafa skv. beiðni Tryggva Jónssonar útbúið þessi skjöl án þess að nokkur viðskipti væru á bak við þau, skölin væru með öllu tilhæfulaus. Guðfinnu er einnig tjáð að þessi skjöl hafi ekki verið á meðal fylgiskjala í bókhaldi BG hf. heldur hafi bókarar bókað færslurnar skv. færsluskjölum endurskoðanda við lokafærslugerð við 6 mánaða uppgjörs annars vegar og við lokafærslugerð 12 mánaða uppgjör ársins 2001 eins vegar. Guðfinnu er einnig tjáð að endurskoðandi BG hf., Stefán Hilmarsson, hafi við yfirheyrslu greint rannsóknurum frá því að áhrif tekjufærslunnar að fjárhæð kr. 108.594.000 séu um 20% á hagnað félagsins í hálfssársuppgjöri 2001 en það sé mjög nálægt niðurstöðu endurskoðanda RLS.

Guðfinna er spurð hvort hún, eða stjórn, hafi á einhvern hátt komið að þessu máli og þá á hvern hátt.

Hún segir stjórnina ekki hafa fjallað um þessi mál fyrr en opinber rannsókn var hafin.

Guðfinna er beðin að gera grein fyrir þeim upplýsingum eða skýringum sem hún kann að hafa á því sem henni var kynnt hér að framan.

Hún segist enga skýringu hafa á þessu og ekki hafa séð þessa kreditreikninga fyrir löggreglurannsóknina. Hún tekur fram að hefði henni verið sýnd þessi kreditskjöl frá Nordica og SMS ein og sér, hefði henni ekkert endilega þótt neitt athugavert við þau en þegar henni hafi verið kynnt annað sem fram er komið varðandi meðferð þessara gagna, m.a. framburði forráðamanna Nordica og SMS segist hún ekki geta tjáð sig um það.

Greiðslur Baugs Group hf á reikningum frá Nordica Inc og tengsl BG hf við viðskipti með báta í Flóríða:

Guðfinna er spurð hvort hún viti til þess að Jón Ásgeir Jóhannesson og Jóhannes Jónsson eigi bát í Flóríða.

Hún segist ekki hafa haft vitneskju um bát í eigu þessara manna fyrr en sl. sumar að þetta mál kom upp í fjölmöldum.

Guðfinna er spurð hvort hún viti til þess að Baugur Group hf. hafi greitt afborganir eða rekstur báts í Flóríða.

Hún segist aldrei hafa vitað til þess.

Guðfinna er spurð hvort stjórn BG hf. hafi einhvern tímann, á einhvern hátt fjallað um umræddan bát eða báta í eigu Jóns Ásgeirs, Jóhannesar eða Jóns Geraldis Sullenberger eða félaga sem þeir tengjast.

Hún segir stjórnina aldrei hafa fjallað um það.

Guðfinna er spurð hvort stjórn BG hf hafi verið kunnugt um, eða fjallað á einhvern hátt um greiðslur til Nordica Inc í Flóríða í þeim tilgangi að taka þátt í tapi eða kostnaðarauka Nordica vegna vörviðskipta við Aðföng þess frá 1999.

Hún segir að stjórnin hafi aldrei, svo hún viti fjallað um það sem hér er spurt og segist ekki vita til þess að stjórninni hafi verið kunnugt um það.

Guðfinnu er gerð grein fyrir því að Fjárfestingafélagið Gaumur ehf. hafi frá árinu 1997 og fram á síðari hluta ársins 1999 greitt mánaðarlega reikninga frá Nordica Inc vegna reglulegra afborgana af lánum og fasts rekstrarkostnaðar bátanna Viking I og Viking II en bátarnir voru skráð eign Jóns Geraldis

Sullenbergar í Miami á Flóríða. Frá áramótunum 1999/2000 hafi reikningar vegna þessa fasta kostnaðar við bátana fallið niður hjá Gaumi.

Á sama tíma hafi farið að berast reikningar einu sinni í mánuði frá Nordica Inc til Baugs aðalskrifstofu með textanum “*Contract fee for retail services, commissions, finders fee and consulting work*” fyrst að fjárhæð USD 8.000 en frá maí 2000 að fjárhæð USD 12.000. Þessir reikningar hafi verið samþykkir af Tryggva Jónssyni, greiddir og færðir á gjaldaliðinn “Tæknileg aðstoð án vsk”. Samtals hafa verið gjaldfærðir og greiddir slíkir reikningar að fjárhæð USD 328.808,80 eða u.p.b. 30,4 milljónir IKR.

Að auki hafi, á tímabilinu apríl 1999 til ágúst 2002, borist reikningar frá Nordica Inc með mismunandi fjárhæðum sem greiddir voru og gjaldfærðir voru hjá aðalskrifstofu BG hf á liðina “Ferðakostnaður erlendis” og “Ýmislegt án vsk” að fjárhæð USD að fjárhæð USD 377.501,10.

Samtals nema því gjaldfaerslur hjá aðalskrifstofu BG hf vegna þessara reikninga frá Nordica USD 706.309,94.

Guðfinnu er tjáð að Jón Gerald Sullenberger hafi greint frá því að allir reikningarnir með textanum “*Contract fee for retail services, commissions, finders fee and consulting work*” séu framhald af mánaðarlegum reikningum sem hann sendi áður til Gaums vegna afborgana og rekstrar báts í eigu hans, Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Jóhannesar Jónssonar en skráð eign New Viking í Miami á Flóríða. Reikningarnir hafi verið orðaðir á þennan hátt skv. fyrirmælum Tryggva Jónssonar. Þessir reikningar eða greiðslur fyrir þá hafi ekki verið færðir í bókhaldi Nordica Inc nema að litlu leyti en síðan einnig í bókhaldi New Viking. Guðfinnu er einnig tjáð að rannsóknarar RLS hafi staðreyst að greiðslur sem bárust frá BG hf vegna þessara reikninga hafi verið notaðar til þess að greiða afborganir og rekstur bátsins Thee Viking sem var/er skráð eign félagsins New Viking í Miami í Flóríða en eigandi allra hlutabréfa sé Jón Gerald Sullenberger. Hins vegar liggi fyrir að Jón Ásgeir Jóhannesson og Jóhannes Jónsson séu eigendur að stórum hluta þess báts.

Guðfinnu er tjáð að Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi neitað því að nokkuð væri til í að þeir hefðu á ofangreindan hátt notað fjármuni BG hf til þess að greiða afborganir og rekstur bátsins Thee Viking heldur hafi verið gert samkomulag við Jón Gerald Sullenberger um að hann annaðist ýmis störf í þágu Baugs í Bandaríkjunum og fyrir það hafi Baugur greitt honum/Nordica skv. þessum reikningum. Hafi Nordica þannig verið styrkt þar sem um var að ræða birgja sem stjórnendur Baugs töldu vera mikilvægan.

Guðfinnu er einnig greint frá því að í yfirheyrslu sl. föstudag þann 28. febrúar hafi Tryggvi Jónsson játað að hann hafi vitað að þeir fjármunir sem Baugur greiddi fyrir þessa reikninga hafi verið notaðir til þess að greiða afborganir og rekstrarkostnað bátsins.

Guðfinnu er einnig tjáð að fyrir liggi talsvert af gögnum sem renni stoðum undir þann rökstudda grun að a.m.k. Tryggvi og Jón Ásgeir hafi notað aðstöðu sína hjá Baugi Group hf. til þess að láta félagið greiða afborganir og rekstur bátsins Thee Viking að mestum hluta allt frá lokum ársins 1999 en Jón Ásgeir og Jóhannes Jónssyni séu raunverulegir eigendur bátsins að stórum hluta.

Guðfinna er spurð hvort henni hafi verið kunnugt um eitthvað af því sem hér er nefnt.

Guðfinna segir að þessar upplýsingar séu í algerri andstöðu við þá stefnu sem var ríkjandi af hálfu stjórnenda og stjórnar Baugs, og nefnir hér sérstaklega Jóhannes Jónsson. Hún segist vita að þess hafi sérstaklega verið gætt að fara vel með peninga og nefnir t.d. að þegar stjórnendur hafi gist hótelum sem voru í dýrari kantinum hafi Jóhannes gert athugasemdir við það. Annað dæmi sem hún nefnir er skrifstofuaðstaða stjórnenda á þeim tíma sem þeir atburðir eiga að hafa átt sér stað sem rannsókn þessi nær til.

Hún segist aldrei hafa haft vitneskju um neitt af því sem henni er hér kynnt, áður en rannsókn þessa málss hófst í lok ágúst 2002.

Guðfinna er spurð hvort einhvern tímann hafi farið fram, af einhverju tilefni, umræður á meðal stjórnenda eða stjórnar Baugs Group hf. um vafasöm viðskipti eða viðskiptaleg samskipti Nordica/Jóns Geraldus Sullenberger við Baug/undirfyrirtæki/Jón Ásgeir/Jóhannes/aðra stjórnendur Baugs.

Guðfinna vísar í það sem bókað er eftir henni hér á undan varðandi tilefni innri úttektar sem gerð var að frumkvæði Hreins Loftssonar, stjórnarformanns. Hún segist muna að þegar Hreinn bar upp þá hugmynd að fá ytri endurskoðanda félagsins til þess að gera þessa úttekt hafi viðskipti við Nordica verið sérstaklega nefnd ásamt einhverjum tveimur til þremur atriðum til viðbótar. Hún segist ekki hafa skilið málið þannig að um vafasöm viðskipti á milli Nordica og Baugs væri að ræða en samt sem áður teldi stjórnarformaðurinn tilefni til þess að láta skoða þau sérstaklega.

Kynning á haldlögðum gögnum sem málið varða


Guðfinnu er tjáð að lagt hafi verið hald á tölvu Tryggva Jónssonar í starfsstöð hans í Baugi en einnig á ýmis skjöl sem vistuð voru á heimasvæði hans og annarra á netþjóni Baugs. Henni er kynnt samantekt rannsóknara, samtals 10 bls., á ýmsum tölvupóstum sem varpa ljósi á viðskipti Nordica/New Viking/Baugs – skjal málsins II/27.1. Þeir tölvupóstar og þau skjöl sem vísað er til liggja frammi.

Guðfinna er beðin að gera grein fyrir þeim upplýsingum eða skýringum sem hún kann að hafa varðandi þessi skjöl.

Hún segist minna að eftir að opinbera rannsóknin hófst hafi Auðbjörg Friðgeirs dóttir (eða einhver annar í Baugi) Baugs kynnt reikningana frá Nordica. Út af fyrir sig hafi henni ekki fundist reikningarnir eða það sem þeir bera með sér óeðlilegir. Hún segist sjá að í þeim tölvupóstum sem henni hafa verið kynntir virðast aðrar skýringar en reikningarnir sjálfir beri með sér en segist ekki geta skýrt það.

Skýrslutöku lauk kl. 15⁴⁵

Staðfest rétt eftir haft:



Skýrsluna skráði:

